

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 110/2017

2018/EES/37/07

frá 13. júní 2017

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/126 frá 24. janúar 2017 um breytingu á ákvörðun 2013/448/ESB að því er varðar að fastsetja samræmdan leiðréttingarstuðul sem liggur þvert á atvinnugreinar í samræmi við 10. gr. a. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 21alg (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/448/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32017 D 0126:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/126 frá 24. janúar 2017 (Stjtíð. ESB L 19, 25.1.2017, bls. 93).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) nr. 2017/126, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 19, 25.1.2017, bls. 93.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.